VIÐAUKI I

SEM UM GETUR Í 21. GR.

GREITT FYRIR VIÐSKIPTUM

I. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 21. GR.

GREITT FYRIR VIÐSKIPTUM

1. gr.

1. Samningsaðilar viðurkenna það sameiginlega markmið að þjóna atvinnulífi eigin samfélags og skapa viðskiptaumhverfi sem gerir þeim kleift að nýta þau tækifæri sem þessi samningur veitir.

2. Samningsaðilarnir eru sammála um að eftirfarandi meginreglur séu m.a. undirstaða þróunar og stjórnunar lögbærra aðila á ráðstöfunum til að greiða fyrir viðskiptum:

a)gagnsæi, skilvirkni, einföldun, samhæfing og samkvæmni viðskiptaaðferða,

b) kynning á alþjóðlegum stöðlum,

c) samræmi við marghliða gerninga,

d) besta mögulega notkun upplýsingatækni,

e) mikil gæði opinberrar þjónustu í þágu atvinnulífs eigin viðskiptasamfélags,

f) eftirlit stjórnvalda sem byggist á reglum um áhættustjórnun,

g) samvinna hvers samningsaðila við tollyfirvöld og önnur landamærayfirvöld og

h) samráð við eigin viðskiptasamfélög.

2. gr.

Samningsaðilarnir staðfesta að þeir skuldbindi sig til að beita skilvirkum viðskiptaaðferðum sem miða að því að lækka kostnað og draga úr óþarfa töfum í viðskiptum þeirra í millum, jafnframt því sem þeir viðurkenna að þörf er á að efla samvinnu á marghliða vettvangi og beita aðferðum sem er að finna í gerningum um að greiða fyrir viðskiptum sem allir samningsaðilar hafa undirritað.

3. gr.

Samningsaðilarnir skulu miða reglur sínar um vöruviðskipti og tengda þjónustu við staðla sem fengið hafa alþjóðasamþykki eftir því sem frekast er unnt.

4. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu samþykkja eða viðhalda einfaldaðri tollmeðferð til að leysa út vörur með skilvirkum hætti og greiða þannig fyrir viðskiptum milli samningsaðila.

2. Samkvæmt 1. mgr. skulu samningsaðilarnir tryggja að tollyfirvöld þeirra, eða annað lögbært yfirvald, samþykki verklagsreglur, eða viðhaldi þeim, sem:

a) kveða á um rafræna framlagningu og vinnslu upplýsinga fyrir fram, áður en vörurnar koma, til að hraða afgreiðslu þeirra og

b) leyfa innflytjendum, í samræmi við löggjöf þeirra, að leysa út vörur áður en öllum innflutningskröfum samningsaðilans er fullnægt ef innflytjandinn leggur fram fullnægjandi tryggingar. Samningsaðila er ekki skylt að leysa út vörur ef lögmætum innflutningskröfum samningsaðilanna hefur ekki verið fullnægt.

5. gr.

Við tolleftirlit skulu samningsaðilarnir nota áhættustjórnun. Samningsaðilarnir skulu ákvarða hvaða einstaklingar og hvaða vörur skuli rannsaka, þ.m.t. flutningatæki, og umfang rannsóknarinnar á grundvelli núverandi áhættumats. Samningsaðilarnir skulu samþykkja áætlun til stuðnings áhættustjórnun til að meta hvort þessum ákvörðunum er fylgt eftir. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að samningsaðilarnir annist gæðaeftirlit og endurskoði hvort þessu er fylgt eftir, sem getur haft í för með sér víðtækari rannsóknir.

6. gr.

Samningsaðilarnir skulu hafa samráð við eigin viðskiptasamfélög um þarfir þeirra í tengslum við þróun og framkvæmd ráðstafana til að greiða fyrir viðskiptum, þar sem sérstök áhersla er lögð á hagsmuni lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

7. gr.

1. Með það að markmiði að þróa frekari aðgerðir til að greiða fyrir viðskiptum samkvæmt þessum samningi skulu samningsaðilarnir, eftir því sem við á, tilgreina og leggja fram til umfjöllunar í sameiginlegu nefndinni frekari ráðstafanir sem miða að því að greiða fyrir viðskiptum milli samningsaðilanna, m.a. eftirfarandi ráðstafanir:

a) almennar ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum,

b) opinbert eftirlit,

c) flutningur,

d) kynning og notkun á stöðlum,

e) notkun tölva og rafrænna gagnaskipta,

f) tiltækileiki upplýsinga,

g) almenn tollamál,

h) tollar og aðrar opinberar aðferðir er varða flutningatæki og flutningabúnað, þ.m.t. gámar,

i) opinberar kröfur um innfluttar vörur,

j) tollafgreiðsla útflutningsvara,

k) uppruni vara,

l) umferming vara,

m) vörur í alþjóðlegri gegnumferð,

n) viðskiptahættir og

o) greiðsluskilmálar.

2. Sameiginlega nefndin mun endurskoða viðeigandi alþjóðleg framtaksverkefni, sem eiga að greiða fyrir viðskiptum, til að tilgreina svið þar sem frekari sameiginlegar aðgerðir myndu stuðla að sameiginlegum markmiðum samningsaðilanna.

_____